


Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins:

Árangursríkir kennsluhættir í litlum skólum



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Efnisyfirlit

Helstu upplýsingar	3
Grunnskólinn Suðureyri - stutt yfirlit og mat.....	4
Grunnskólinn á Þingeyri - skýrsla.....	5
Grunnskóli Önundarfjarðar - skýrsla	14

Helstu upplýsingar

Skóli: Grunnskólinn á Þingeyri sótti um fyrir sína hönd, Grunnskólans á Suðureyri og Grunnskóla Önuðarfjarðar.

Verkefni: Árangursríkir kennsluhættir í litlum skólum.

Nafn verkefnisstjóra: Þóra Björk Jónsdóttir.

- *Markmið verkefnisins:* Yfirmarkmið: Efla nám og kennslu við fámenna skóla með áherslu á einstaklingsmiðað nám og breyttar áherslur í kennsluháttum og skipulagi skólastarfs. Hver skóli setti sér síðan undirmarkmið.
- *Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum:* Sameiginlegir námskeiðsdagar skólanna, tvisvar yfir veturinn. Hver skóli setti sér sína eigin þróunaráætlun og vann að henni yfir veturinn. Skólarnir fóru ólíkar leiðir.
- *Frávik miðað við áætlun verkefnisins:* Ekki er hægt að tala um frávik, skólarnir unnu að sínum markmiðum á ólíkan hátt en allir unnu að eigin þróunaráætlun.
- *Helstu hindranir sem upp komu við vinnu verkefnisins:* Hindranir voru fáar, en veðráttu hindraði verkefnisstjóra í ferðum þannig að fresta þurfti námskeiðsdögum. Sjá annars í skýrslum skólanna.
- *Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:* Hver skóli vann að þróun náms og kennslu út frá eigin forsendum en sameiginlegir fræðsludagar efla kennarana í samstarfi milli skóla og innan skólanna. Heimsóknir milli skóla eru einnig ánægjulegar og gefandi. Margvíslegur annar ávinningur var í skólunum, sjá skýrslur þeirra.
- *Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:* Verkefnið hefur haft áhrif á skólastarfið í öllum þremur skólunum.
- *Niðurstöður verkefnisins:* Skýrslur skólanna sem fylgja hér aftanvið stuttu og gagnorðu samantektina, greina frá framgangi verkefnisins á hverjum stað fyrir sig. Hver skóli telur sig hafa náð markmiðum sínum, til marks um það og framhald verkefnisins er m.a. áætlun eins skólanna að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð var með breyttu skipulagi og fjölbreyttari kennsluháttum í skólanum.
- *Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:* ekki hefur verið tekin áætlun um kynningu á verkefninu að svo stöddu, önnur enn þessi skýrsla um verkefnið. Framhald er á verkefninu, að hluta allavega og líklegt er að það verði kynnt þegar því er lokið.
- *Rekstrarreikningur* – verður sendur á sér blaði.

26.7.2011

Þóra Björk Jónsdóttir, verkefnisstjóri

Gunnlaugur Dan Ólafsson, skólastjóri ábyrgðarskóla

Grunnskólinn Suðureyri – stutt yfirlit og mat

Breyttir kennsluhættir – Þróunarverkefni skólanna á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri skólaárið 2010 – 2011.

Þrisvar komum við saman, fyrst á Ísafirði sumarið 2010, síðan á Þingeyri haustið 2010 og um vorið á Suðureyri. Við erum sammála um það hér í skólanum að þessi vinna hafi verið gagnleg. Á svona námskeiðum kemur margt upp sem fæðir af sér hugmyndir og menn taka með sér heim. Við teljum að samveran á Þingeyri hafi heppnast hvað best, góðir fyrirlestrar og forvitnilegt að fá reynslu frá Hólaskóla.

Það sem við tókum með okkur frá vinnudeginum á Þingeyri til að vinna með var annars vegar aukin samvinna í námi nemenda, og að breyta foreldraviðtalsdögum þannig að nemendur kæmu með foreldrum í viðtöl sem eru tvisvar á skólaárinu.

Seinna viðfangsefnið var í sjálfu sér ekki mikið mál að gera, ekki þurfti annað en að taka ákvörðun um að framkvæma viðtölin með þeim hætti. Við töldum fyrirkomulag okkar, eins og það var, ágætt, en tölum eftir umræður við aðra skóla á samverunni á Þingeyri að reyna þetta fyrirkomulag.

Það var gert í nóvember og febrúar og gafst vel og verður sá háttur hafður á hér eftir. En samstarf heimila og skóla þurfa að vera í stöðugri endurskoðun.

Fyrri viðfangsefnið var öllu snúnara að okkar mati þar sem saman í hópum eru nemendur á ólíkum aldri. Það sem við gerðum var að byrja á meiri samvinnu nemenda og ekki var farið nógu kerfisbundið (mitt mat) í að prófa aðferðir samvinnunámsins. En fyrsta skrefið var tekið með því að auka samvinnu nemenda almennt, sem við teljum að hafi verið gott mál. Næsta skrefið hjá okkur er að nýta okkur betur þær samvinnunámsaðferðir sem voru kynntar fyrir okkur á Þingeyri og eru forvitnilegar. Það eigum við eftir að gera.

Jafnframt þessari vinnu höfum við verið að endurskoða námsmat í skólanum, verið í sjálfsmatsvinnu og unnið að innleiðingu uppbyggingarstefnunnar. Þó þetta séu allt verkefni sem skólar vinna með þá verður þetta nokkur pakki þegar sama fólkið er í öllum þáttunum.

Magnús S. Jónsson

Grunnskólinn á Þingeyri – skýrsla

Inngangur

Skólaárið 2010 – 2011 samþykkti Sprotasjóður umsókn frá Grunnskólanum á Þingeyri um styrk til þess að vinna að endurskoðun á kennsluháttum í þremur skólum, Grunnskólanum á Suðureyri, Grunnskóla Öfundarfjarðar á Flateyri og Grunnskólanum á Þingeyri. Allir teljast þeir fámennir skólar með nemendafjölda á bilinu frá 23 – 45 nemendur og allir búa þeir við mikla samkenndu árganga í sínu skipulagi og nokkra fækkun nemenda milli skólaára. Í Grunnskólanum á Þingeyri eru 45 nemendur. Verkefnastjóri með hópnum var Þóra Björk Jónsdóttir frá Fræðsluþjónustu Skagfirðinga á Sauðárkróki.

Markmið

Markmið verkefnisins var að koma betur til móts við einstaklingsmun í námi, með því að hverfa frá hugmyndum bekkjarkennslu, sem tekur mið af aldri nemenda yfir í samkenndu þar sem litið er á hópinn sem einn námshóp og nemendur vinna að sínu námi á sínum forsendum, þ.e.s. nám við hæfi og í einstaklingsmiðað nám.

Í öðru lagi að gefa kennurum betra tækifæri og meiri möguleika á því að vinna saman að undirbúningi og framkvæmd kennslunnar sem eykur samábyrgð og veitir meiri starfsánægju.

Vinna að verkefninu

Sameiginlegir vinnudagar kennara í skólunum þremur á skólaárinu voru tveir 24. september og 11. apríl. Auk þess unnu skólarnir sjálfir að mismunandi verkefnum sem tóku mið af markmiðum verkefnisins. Í Grunnskólanum á Þingeyri var unnið að tveimur eftirfarandi verkefnum.

Verkefni 1 - Samfelld námskrá í íslensku (sjá fylgirit)

Yfirþáttur: Árangursríkir kennsluhættir í fámennum skólum

Undirþáttur: Samfelld námskrá í íslensku.

Markmið og tilgangur verkefnisins

Ákveðið var að taka fyrir námskrár í hverju fagi og byrja á íslensku. Þar sem árangursríkir kennsluhættir byggja á einstaklingsmiðuðu námi var þetta okkar fyrsta skref.

Markmiðið var að brytja niður núverandi markmið aðalnámskrár og bekkjarnámskrár Grunnskólans á Þingeyri og búa til námsþrep með stígandi í – þar sem hverju námsþrepi þarf að vera lokið áður en byrjað er á næsta, án tillits til aldurs eða bekkjar hvers nemanda. Þannig getur hver nemandi verið í

mismunandi þrepum innan íslenskunnar, allt eftir styrkleikum og veikleikum hvers og eins.

Settar voru fram þrjár matsspurningar:

- 1) Hverju viljum við breyta?
- 2) Hvað á að skoða?
- 3) Hvert er markmið með vinnunni?

Svör:

- 1) Að námskrá verði ekki bundin að árgangi heldur verði samfelld frá 1. – 10. bekk
- 2) Skoða námskrá og námsþætti í íslensku með tilliti til að nemendur fái stíganda í sínu námi, óháð aldri.
- 3) Að sé til heildtæk samfella í námskrá í íslensku frá 1. – 10. bekkjar, til að efla einstaklingsmiðað nám, sem hjálpi nemendum við að efla sjálfstæði og ábyrgð þeirra á eigin námi.

Aðferðir og framkvæmd

Verkefnið er að finna samfellu í námskrá í íslensku frá 1. – 10. bekk, til að enginn þáttur verði útundan hjá okkur.

Markmið og leiðir voru sett um það að samþætta markmiðin í aðalnámskrá og hafa þau frekar í þrepum eftir stígandi heldur en eftir aldri, svo að hver nemandi geti unnið á sínum hraða eftir sinni getu, óháð aldri. – Þannig að í lokin verði til námspakkar sem uppfylla ákveðin þrep, og hver nemandi færist ekki yfir á næsta þrep, nema hafa lokið lægra þrepi fyrst, óháð aldri.-

Skipulagt var að kennarar skiptu sér eftir aldursstigum í kennslu og skoðuðu markmið aðalnámskrár og bekkjarnámskráa fyrir hvern þátt íslenskunnar, og kæmu svo saman með sína vinnu og allt yrði sett í eina heild, m.t.t. til stígandi í þyngd og umfangi.

Áætlað var að þessi vinna færi fram frá miðjum október 2010 og fram til 1. febrúar 2011.

Aftur voru settar fram þrjár matsspurningar:

1. A) Hvernig ætlum við að fá svör við spurningunum?
B) Hvernig ætlum við að breyta?
C) Hvaða bjargir þurfum við til að vinna vinnuna?

Svör:

- A) Við ætlum að skoða aðalnámskrá grunnskóla og bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir G.Þ. og bera saman. Einnig að skoða námskrár

annarra skóla til að fá hugmyndir að samfellu og hvernig það er sett upp.

- B) Nemendur vinni einstaklingsmiðað, fái lotupakka skv. markmiðum í staðinn fyrir námsefni bekkjarins skv. námskrá. Auka samvinnu milli kennara.
- C) Aðalnámskrá grunnskóla; íslenskuhluta, bekkjarnámskrár G.Þ. Aukna samvinnu kennara á öllum skólastigum, óháð kennslugreinum.

Upplýsingaöflun fór þannig fram að kennarar skiptu með sér vinnu. Allir kennarar við skólann komu að þessari vinnu, því allir eru íslenskukennarar þó svo þeir kenni önnur fög. Við erum jú alltaf bæði meðvitað og ómeðvitað að aðstoða nemendur okkar við að verða betri málnotendur. Undirrituð tók að sér að halda utan um vinnuna og koma þessu saman í lokin.

Tveir kennarar á yngsta stigi, þrír á miðstigi og tveir á unglingastigi hittust fyrst og tóku fyrir hvern þátt innan íslenskunnar; bókmenntir og lestur, stafsetning og ritun, hlustun og áhorf o.s.frv. bútuðu niður markmiðin innan hvers stigs og í lok hvers þáttar hittust allir kennarar og röðuðu niður í þrep eftir stígandi innihaldsins. Miklar umræður sköpuðust og umræðurnar skiluðu sér vel inn í áframhaldandi vinnu með nemendum, því hver kennari varð meðvitaðri um þá vinnu sem laut að íslenskunni.

Verktíminn stóðst að mestu, við lukum þessum þætti vinnunnar í byrjun febrúar, en innan þessa tímaramma komumst við ekki í að vinna að námsmati og finna kennslugögn sem henta hverju námsprepi.

Niðurstöður – samantekt

Þar sem allir kennarar skólasamfélagsins eru að vinna með íslensku, meðvitað og ómeðvitað, var ákveðið að taka fyrir íslenskuna í byrjun, en síðan verði aðrar faggreinar unnar eins. Íslenskan er e.t.v. veigamesti þátturinn og mesta vinnan í þeim þætti, en við erum þá tilbúin í næstu þætti á næsta skólaári.

Vinnan varð gífurleg, mun meiri og tímafrekari en við lögðum af stað með í upphafi, en öll sú umræða sem fram fór innan kennarahópsins, þvert á aldurstig og kennslugreinar, gerði okkur öllum mjög gott og gerði okkur meðvitaðri og ábyrgari „íslenskukennara“.

Við höldum ótrauð áfram með þessa vinnu innan yfirþáttarins *árangursríkari kennsluhættir í fámennum skólum*.

Umbótaáætlun

Námskráin er í stöðugri þróun og lifandi plagg. Því verður þessari vinnu aldrei lokið, heldur í stöðugri endurskoðun með tilliti til hagsmuna nemenda. Markmiðið með þessari vinnu, að finna samfellu í námskrá í íslensku frá 1. – 10.

bekk, til að enginn þáttur verði útundan hjá okkur og að stígandi verði í náminu óháð aldri, verður í stöðugri þróun og samvinnu.

Fylgirit: Samfelld námskrá í íslensku

Verkefnið er að finna samfellu í námskrá í íslensku frá 1. – 10. bekk, til að enginn þáttur verði útundan hjá okkur.

Markmið og leiðir voru sett um það að samþætta markmiðin í aðalnámskrá og hafa þau frekar í þrepum eftir stígandi heldur en eftir aldri, svo að hver nemandi geti unnið á sínum hraða eftir sinni getu, óháð aldri. – Þannig að í lokin verði til námspakkar sem uppfylla ákveðin þrep, og hver nemandi færast ekki yfir á næsta þrep, nema hafa lokið lægra þrepi fyrst, óháð aldri.-

Skipulagt var að kennarar skiptu sér eftir aldurstigum í kennslu og skoðuðu markmið aðalnámskrár og bekkjarnámskráa fyrir hvern þátt íslenskunnar, og kæmu svo saman með sína vinnu og allt yrði sett í eina heild, m.t.t. til stígandi í þyngd og umfangi.

Það sem hefur verið framkvæmt er að búið er að vinna svona með alla þætti innan íslenskunnar nema „talað mál og framsögn“ og „hlustun og áhorf“. Þeir þættir eru á dagskrá í janúar. Vinna hefur gengið vel, en þetta er tímafrekt verkefni og margt sem þarf að taka tillit til, til þess að passa að enginn þáttur falli niður. Ekkert hefur verið farið nákvæmlega í að skoða námsmat og námsgögn, þó það sé alltaf á bak við eyrað, það verður gert í verkefninu um námsmat eftir áramótin.

Í meðfylgjandi töflu má sjá samantekt á verkefninu:

Hvað á að gera?	Hvað þarf til að vinna verkið?	Hver ber ábyrgð?	Hvenær á að vera lokið?	Hvaða mat á að vera um að verkinu sé lokið?
Finna samfellu í námskrá í íslensku í 1. – 10. bekk.	Það þarf Aðalnámskrá grunnskóla, íslenskuhluta, bekkjarnámskrá G.Þ. og starfsmenn G.Þ.	Ninna ber ábyrgð á að verkið sé unnið. Kennarar skipta með sér verkum eftir námsstigum.	Verkinu á að vera lokið í byrjun feb.	Þegar búið er að setja saman þrepin í hverri grein innan íslenskunnar á að vera hægt að vinna námsmat

Aðlaga núverandi markmið að samfelldum þrepum frá 1. – 10. bekkjar.				og samþætta það með verkefninu námsmat í G.Ð. sem fara á í gang eftir áramót.
---	--	--	--	---

Verkefni 2 - „Vindum upp segl“ (sjá fylgirit)

Yfirþáttur: Árangursríkir kennsluhættir í fámennum skólum

Undirþáttur: Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda og kennara

Tilgangurinn

Að nálgast betur markmið einstaklingsmiðaðs náms með meiri fjölbreytni í starfsháttum og námleiðum sem taka mið af áhuga nemandans. Hann setji sér markmið og gerir áætlun sem hann stefnir að því að ljúka á tilsettum tíma. Komist verði betur til móts við styrkleika og áhuga nemandans með meiri sveigjanleika. Áhersla lögð á blöndun aldurshópa, samvinnunám hópa og samvinnu kennara. Yfirskrift okkar vinnu var „vindum upp segl“.

Framkvæmd

Í framhaldi af umræðum um hugmyndir um einstaklingsmiðað nám og sveigjanlegri kennsluhætti í skólanum, var ákveðið að stíga ákveðið spor í þá átt með því að breyta hefðbundnu kennslufyrirkomulagi í eina viku 11.-15. apríl. Fyrirkomulag var þannig að allir hópar byrjuðu morguninn (10 mínútur) hjá sínum umsjónarkennara. En allir nemendur höfðu í vikunni áður gert sér vinnuáætlanir. Hver nemandi fékk síðan viðtal um sína námsframvindu – hvernig honum gengi að framfylgja áætluninni.

Næstu tvær kennslustundir voru skipulagðar sem kjarnatímar í íslensku og stærðfræði fyrir alla nemendur á sal skólans. Blandað var saman mismunandi árgöngum í hópa. Nemandinn réði sjálfur að hvorri námsgreininni hann vann að. Kennarar fylgdust með hvernig gekk að framfylgja áætlunum og leiðbeina þeim ef á þurfti að halda. Auka og viðbótarverkefni í báðum greinum stóð nemendum til boða fyrir þá sem lokið höfðu við sína áætlun. Hver kennari ákveður þau verkefni fyrri sinn umsjónarhóp / námsgrein.

Þeir nemendur sem lokið höfðu við sína námsáætlun stóð til boða val, sem var fjölbreytt viðfangsefni t.d. lego, bókargerð, vatnslitun, vísindi sem voru verklegar tilraunir í eðlisfræði og smásjárvinna og að síðustu „þjálfun“, þar sem í boði voru fjölbreytt þjálfunarverkefni í íslensku og stærðfræði.

Mat

Í lok verkefnisins lögðu kennarar og nemendur mat á vinnuna yfir það tímabil sem tilraunin „vindum upp segl“ stóð yfir. Í viðhengi eru upplýsingar frá kennurum og nemendum um viðhorf þeirra til vinnunnar. Helst niðurstöður voru þessar:

- Morgunstund, nýttist vel sérstaklega hjá yngstu nemendum, ekki eins vel hjá 6.7. bekk.
- Innlögn hjá litlum hópum, er möguleiki að vera með kennara sem sinnir sérstaklega illögn hjá einstaklingum og litlum hópum (ísl. og stæ.) á sérstökum stað.
- Valið, ekki hafa valið eingöngu sem gulrót fyrir þá sem lokið höfðu við sína námsáætlun, heldur í boði fyrir alla með sérstöku skipulagi (róterandi). Ekki takmarka það heldur við tvo daga. Taka þarf tillit til misjafns aldurs, að einhverju leyti aldursmiðað. Ekki nógu skýr skilaboð vegna valsins. Vantaði samræmi í skipulag.
- Samskipti milli nemenda góð í vikunni og sumir nemendur að blómstra og greinilega að finna sig betur en í hefðbundnu fyrirkomulagi. Nemendur almennt að vinna meira og betur en áður.
- Kennarar að vinna meira og betur saman en áður. Kennarar að leiðbeina nemendum sem þeir voru ekki að kenna. Þeir stundum ekki alveg undir það búnir að leiðbeina nemendum í öðrum árgöngum / greinum, en þeim sem þeir voru að kenna. Kennarar sammála um að vikan hafi verði ánægjuleg og gaman í vinnunni.
- Styrkleiki í heild. Samvinna nemenda og kennara meiri og almenn gleði og ánægja – tíminn fljótur að líða.
- Veikleiki. Þrengsli, húsnæði og búnaður ekki í samræmi við kennsluhættina, óskýr fyrirmæli vegna vals.

Fylgirit: Samantekt vegna tilraunavikunnar „vindum upp segl“ 3., 4. og 5. bekkur

Ágætlega gekk að gera áætlanir með nemendum. Það tók þó dálítinn tíma sem sjálfsagt er vegna þess að þetta er nýtt, bæði fyrir þau og okkur.

Ég áætlaði með þeim í stærðfræði og sett inn ákveðið verkefni í rúmfræði upp á 7 bls. hjá öllum nema NN sem var búin að vinna þetta verkefni áður. Þetta verkefni lagði ég áherslu á að þau létu ganga fyrir. Ef það gengi vel var áfram haldandi vinna í plönum sem þau eru með hvert og eitt. Ég áætlaði svo að hafa innlögn í rúmfræðinni í þeim tíma sem mér var áætlaður samkv. vinnuplani kennara. NN áætlaði á sig vinnu í stærðfræðibókum sem hún er með.

Þegar vinnan hjá nemendum fór af stað sá ég að þau völdu öll að byrja á íslensku og fóru vel af stað þar. Þá fannst mér ég einhvern veginn ekki geta spillt því og tekið þau

upp í innlögn. Ákvað að sitja hjá og sjá hvernig þróaðist. Þegar þau komu að stærðfræði þá unnum við maður á mann þar sem ég átti ekki innlagnar tíma. Þegar ég fór yfir vinnuna þeirra eftir á þá var ég mjög ánægð með niðurstöðuna. Það reyndi á þau að bjarga sér og lesa vel það sem stóð í fyrirmælum sem voru mjög skýr.

Einn nemandi þurfti að taka út þar sem hann þoldi ekki tilhugsunina um að klára ekki planið sitt og komast ekki í val. Þá voru aðrir við borðið hans að tala um það sín á milli að þeir hefðu áætlað of mikið á sig og myndu ekki ná að klára og þar af leiðandi ekki komast í val. Þetta var NN sem var alveg að fara á taugum yfir þessu og gat ekki einbeitt sér og fannst allt trufla sig. Hann bað um að fara afsíðis til að fá frið.

Allir nemendur kláruð það sem þau settu sér fyrir. Sumir með herkjum aðrir með léttum leik.

Ekki virtist trufla þau að sitja hvar sem var, þ.e. þar sem rauður miði var. Þó tók ég eftir því að á fimmtudegi þegar þau voru búin að átta sig reyndu sumir, sem eiga vini í öðrum hópum, að hitta á sama borð og vinirnir. Gott eða slæmt? Var bara gott í þetta skipti.

Niðurstöður nemenda úr þessum spurningum (vantar frá 1 nemanda).

Hvernig gekk að vinna eftir eigin áætlun?

☺	☹	☹
III	IIII	

Hvernig gekk að vinna í stórum hópi?

☺	☹	☹
II	IIII	III

Annað sem þú (nemendur) vilt segja um þessa viku:

- Ekki góð, of margir að tala, valið var ömurlegt.
- Vikan var ágæt af því að ég þurfti ekki að kalla á kennarann og vikan var létt.
- Það var enginn vinnufriður, allir alltaf að tala en ég kláraði allt á tveim dögum.
- Mér fannst þetta erfitt og gaman. En of mikil læti.
- Sumir krakkar hefðu mátt tala minna. Svo ég gæti hugsað meira.

Spurningin „hvernig gekk?“ var á áætlunarblöðum fyrir íslenskuna. Allir sem merktu við einn af þrem möguleikum merktu við ☺

Niðurstaða:

Þeim gekk frekar vel að vinna eftir eigin áætlunum. Þeir sem höfðu áætlað of lítið voru alveg sáttir við að halda áfram.

Peir sem eru sterkastir námslega gekk best að vinna í stórum hópi og fannst það rosalega gaman.

Sumir þola ekki að vinna í svona stórum hópi eða að fara út úr norminu.

Mikil spenna var að standa sig til að komast í valið. Ég var búin að kynna fyrir þeim að það væri hægt að komast í val á fimmtudegi og föstudegi. Síðan kom í ljós eftir að nemendur höfðu valið að það þurfti að skipta hópnum sem hafði valið vísindi. Úr mínum hópi fóru krakkar á fimmtudegi sem akkúrat voru ekki búin að klára meðan hinir sem voru búnir þurftu að halda áfram að vinna af því að valið þeirra var ekki í boði fyrr en á föstudegi. Þetta kom ekki vel út þar sem þeir duglegustu þurftu að bíða fram á föstudag og hinir sem fóru í val á fimmtudegi þurftu þá að halda áfram að vinna á föstudeginum. Þarna sköpuðust aðstæður þar sem við (kennarar) vorum ekki að standa við það sem við höfðum kynnt og krakkarnir voru svekkt.

Veikleiki hjá mér þessa vikuna var að ég fann að ég var ekki góð í að aðstoða í námsefni sem ég hafði ekki kynnt mér og var ekki inn í. Sérstaklega hjá elsta hópnum. Mér fannst ég því ekki gera mikið gagn, stundum. En ég held að krakkarnir hafi haft gott af því að sjá að við erum bara mannleg og misjöfn eins og þau.

Nanna Björk Bárðardóttir

Fylgirit: Endurmat á framkvæmd vikunnar 11. – 15. apríl í Grunnskólanum á Þingeyri

Sem kennari á unglíngastigi (8. – 10. bekk) er eftirfarandi greinargerð mín sýn á þessa viku.

Nemendur mínir gengu hreint og beint í það að gera sér námsáætlanir og voru nokkuð öruggir strax til að byrja með hvernig þetta myndi virka. Sumir höfðu þó tilhneigingu til að áætla of lítið en þá sögðu þeir oft, „ég held þá bara áfram ef ég klára þetta.“ Og það fannst mér jákvætt.

Þeim fannst gaman að breyta svona til og fara niður og vera með öllum hinum í skólanum. Höfðu samt smá áhyggjur af því að það yrði skvaldur og lítill vinnufriður, en voru í raun hissa eftir fyrsta daginn hvað þetta gekk vel.

Strax á öðrum degi kom í ljós að það var ómögulegt fyrir þessa stóru krakka að sitja á grænu kollunum við matarborðin. Þau reyndu að flýta sér niður til að komast í betri stóla (fá betri námsaðstöðu) en voru sátt við niðurröðunina, þ.e. að setjast hjá sínum lit. Enda væri ekki hægt að ætla nemendum að nota þessi borð og kolla til daglegs náms.

Persónulega taldi ég sjálf að þetta fyrirkomulag myndi reynast öllum nemendum í hópnum vel nema einum og það kom líka í ljós í lokin. Allir kláruðu sínar áætlanir og

fóru í það val sem beið þeirra nema þessi eini nemandi. Hann kláraði ekki sitt og komst þar af leiðandi ekki í val á föstudegi. Þótti það ansi súrt, en virtist þó átta sig á því að hann hafði ekki unnið fyrir því, en það var erfitt að kyngja því. Ástæðan er erfiðleikar með einbeitingu og það var margt að fylgjast með (eða gleyma sér í að fylgjast með) þegar maður er í stórum hóp.

Í mati nemendanna sjálfra fannst **engum** þessi tilraun **erfið**, ca. **helming þolanlegt** og hinum **helmingnum auðvelt**.

Í spjalli með þeim fannst þeim þetta skemmtileg tilbreyting, tíminn miklu fljótari að líða „niðri“ og sáu fyrir sér að svipað fyrirkomulag gæti vel gengið á heilu skólaári en það væri líka nauðsynlegt að geta bara verið í sinni stofu.

Mér sjálfri fannst þetta skemmtilegt og krefjandi, mér fannst ég kynnast öllum upp á nýtt, bæði nemendum og kennurum. Mér fannst seinni dagarnir tveir þegar boðið var upp á valið, erfiðari en fyrstu dagarnir því krakkarnir eru svo ótrúlega fljót að finna að því ef einhver gerir aðeins öðruvísi en hinn og það veldur svona titringi. Mér fannst valið sem ég sá um ekki alveg vera að gera sig, bæði vegna þess að nemendahópurinn er svo breiður og fyrir sumum var þetta svo mikil gulrót að þetta átti helst að vera skemmtun út í eitt, en ekki að þurfa að gera eitthvað sjálfur. En á svona einni viku er varla hægt að setja þetta öðruvísi upp, fyrir heilt skólaár virkar valið öðruvísi. Sumir nemendur líta alltaf á val sem að gera bara það sem manni sýnist, en hinir sem upplifa það sem að prófa eitthvað nýtt eru /voru ánægðir.

Að lokum, ég get alveg hugsað mér að skipuleggja skólastarf á þennan hátt.

Kv. Rakel.

Grunnskóli Önundarfjarðar – skýrsla

Samantekt /útdráttur

Í þessari skýrslu er gert grein fyrir þróunarverkefningu *Samskipti heimila og skóla* en Grunnskóli Önundarfjarðar hlaut styrk úr Sprotasjóði ásamt Grunnskóla Þingeyrar og Suðureyrar til að vinna að verkefni sem lýtur að starfi fámennra skóla. Skólarnir völdu hver sitt verkefni og hafa hist með Þóru Björk Jónsdóttur frá Fræðsluþjónustu Skagfirðinga sem hefur leiðbeint skólunum með verkefnið. Verkefnið miðaði að því að efla tengsl á milli heimila og skóla og fá nýjar og betri hugmyndir sem gætu stuðlað að því.

Efnisyfirlit

Inngangur	16
Uppbygging verkefnisins	17
Niðurstöður fundar foreldrafélagsins	18
Ályktun skólaráðs	19
Samtök heimila og skóla	19
Aðrar heimildir	20
Húsaskóli	20
Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann	21
Hugmyndabanki.....	22
Haustfundir	23
Lokaorð	24
Heimildir	24

Inngangur

Mikið hefur verið rætt undanfarin ár um samskipti heimila og skóla og áhrif sem þau hafa á skólastarfið. Það gefur augaleið að góð samskipti þarna á milli skipta mjög miklu máli varðandi líðan barna og gengi þeirra í skólanum. Barn sem heyrir bara slæma hluti heima fyrir um skólann sinn ber ekki mikið traust til hans og getur það um leið haft mikil áhrif á skólagöngu þess. Þess vegna ákváðum við að taka þetta þróunarverkefni fyrir á þessum vetri. Starfsfólki Grunnskóla Öfundarfjarðar finnst að alltaf megi efla og bæta samskipti milli skólans og heimilanna. Rétt er að benda á 2. gr. laga um grunnskóla (nr. 49/1991) þar sem skýrt er kveðið á um að grunnskólinn skuli inna hlutverk sitt af hendi í samvinnu við heimilin. Þá er í Aðalnámskrá grunnskóla bent á rétt og ábyrgð foreldra, samkvæmt mannréttindasamþykktum sem Íslendingar eru aðilar að, til uppeldis barna sinna og að skólum beri að virða þennan rétt. Ennfremur að hvert foreldri fái tækifæri til þess að taka ábyrgan þátt í skólastarfi. Skólinn á að eiga frumkvæðið með því að veita heimilum upplýsingar og leita upplýsinga hjá foreldrum/forráðamönnum og samstarfs við þá. (Aðalnámskrá grunnskóla 1989:9).

Það er margt sem þarf að hafa í huga þegar unnið er að góðum samskiptum. Heimilin og skólinn þurfa að starfa af einhug að velferð barnanna og hafa sömu markmið og stefnu. Einnig þarf að gera foreldrum ljóst á skýran hátt til hvers skólinn ætlast af þeim, t.d. í sambandi við fatnað, fjarvistir, námsgögn, hreinlæti, hvíld og hegðun nemenda. Fjalla þarf um atriði eins og iðjuleysi og lélega ástundun í námi engu síður en of mikið vinnuálag á nemendum, t.d. vegna öflunar aukatekna eða vinnu við atvinnurekstur foreldra eða ættingja. Þetta er best gert með fræðslu og leiðbeiningum, bæði beint eða í samvinnu við foreldrafélag viðkomandi skóla ef slíkt félag er starfandi. Einnig er hugsanlegt að virkja skólanefnd eða félagsmálanefnd viðkomandi sveitarfélags. Þannig má bjóða upp á umræðufundi og námskeið þar sem fjallað er um efni eins og tómstundir, íþróttir, heimanám, einelti, reykingar, fíkniefni o.s. frv. Markmiðið er að skapa sjálfstraust meðal foreldra með því að veita þeim fræðslu um þroskaferli barna og unglunga og hjálpa þeim til að sjá heimilið sem þroskandi námsumhverfi.

Það er hlutverk kennara engu síður en fagfólks í heilsugæslu og á fræðsluskrifstofum að stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði og öryggi barna og unglunga. Kennarar geta veitt foreldrum mikilvægan stuðning, fræðslu og jafnvel aðhald ef með þarf í þessu efni. Benda má á skyldu kennara og þeirra, sem afskipti hafa af börnum, að fylgjast með ástandi og líðan skjólstæðinga sinna og gera viðvart til barnaverndarnefndar ef út af bregður (13. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992).

Í Grunnskóla Öfundarfjarðar er algengast að foreldrar styðji við skólastarfið án þess að koma inn í kennslustofurnar. Foreldrafélagið gefur t.d. öllum í skólanum bollur á

bolludaginn og sér um kaffisölu á árshátíðinni. Einnig hafa foreldrar elstu nemenda hjálpað til við yfirsetu í lærdómsmaraþoni og akstur í áheitasöfnun og stöku sinnum farið með í skólaferðalag. Við viljum helst fá foreldra meira inni í skólafélagið og er það okkar von að vinnan með þessu þróunarverkefni skili okkur því markmiði. Við teljum að með því aukist þekking og gagnkvæmur skilningur foreldra og kennara á hlutverki hvors um sig og foreldrar komast betur í snertingu við það sem skólinn er að fást við. Einnig auðveldar það foreldrum að átta sig á hvernig þeir geta betur aðstoðað börn sín við heimanám og þeir kynnast kennurum og stofnuninni á raunsærri hátt en áður var.

Uppbygging verkefnisins

Hvað á að gera?	Hvað þarf til	Hver ber ábyrgð	Lok	Mat
Tala við foreldrafélagið og fá þau til að koma með hugmyndir um bætt samskipti	Skrifa þeim bréf til að útskýra verkefnið	Allir kennarar	13. febrúar	Niðurstöður frá fundi foreldrafélagsins
Skólaráð	Skólastjóri sendir fundarboð á skólaráð	Skólastjóri	13. febrúar	Niðurstöður frá fundinum
Kynna sér samtök heimila og skóla, skoða t.d. heimasíðu þeirra		Allir kennarar	13. febrúar	
Finna aðrar heimildir, m.a. skoða heimsíður skóla og sjá hvað hefur verið skrifað um þessi mál		Allir kennarar	13. febrúar	

Niðurstöður fundar foreldrafélagsins

Foreldrafélag Grunnskólans hélt fund að beiðni kennara til að svara eftirfarandi spurningum:

- Samkvæmt 22.gr laga um grunnskóla nr. 49/1991 á „ fulltrúi foreldra rétt til setu á kennarafundum, fundum skólanefnda og fræðsluráða með málfrelsi og tillögurétti nema þegar fjallað er um mál einstakra nemenda.“ Hafið þið áhuga á að hafa fulltrúa á kennarafundi?
- Hvað er hægt að gera til að bæta samskipti heimila og skóla?
- Hvaða verkefnum getur foreldrafélagið sinnt í skólanum?
- Lumar einhver í samfélaginu (ekki endilega foreldrar)á þekkingu sem gæti nýst vel í skólanum, t.d. kennsla í val tímum.
- Hvað annað dettur ykkur í hug sem stuðlað gæti að því að gera góðan skóla betri?

Foreldrar telja að samskipti heimila og skólans séu með allgóðum hætti, gott aðgengi er almennt talið til kosta og auðvelt sé að hafa bein samskipti við skólastjóra og kennara skólans. En það kom til tals að samskipti um Mentor og heimasíðu skólans væru frekar lítil, sem mótast kannski helst af smæðinni og hve stutt leið er milli heimila og skólans með beinum hætti.

Rætt var um verkefni sem foreldrar og foreldrafélagið gætu komið með í samstarfi við skólann og á hvern hátt samfélagið geti miðlað þekkingu sem nýttist í skólastarfi. Margt kom þar fram sem skoða má. T.d. að foreldri gerist „kennari“ dagpart og miðli þar af sinni visku og þekkingu með sem víðtækustum hætti. Endurvekja kvöldvökur eða bekkjarkvöld, sem gætu verið spilakvöld, leikjakvöld eða sögukvöld. Sögukennsla um nærumhverfið, þar er mikið efni tiltækt, umhverfisfræðsla fléttast þar með, „ allt hefur heiti í umhverfinu“. Smíðakennsla utan skólans, verkefnið „ allir eigi bát á lóninu“. Valtíma mætti nota til slíks.

Mikil ánægja var með matarboð sem 6.-7. bekkur bauð til í vetur (buðu foreldrum sínum í mat eftir að hafa æft sig í heimilisfræðslu) og var það mat foreldranna að slíkt efli tengsl milli foreldra og skóla, einnig milli foreldranna sjálfra, og að auki væri spennandi að foreldrar tækju þar þátt líka, með kennslu og matarboðum.

Upp komu hugmyndir að útisamverudegi að vori,t.d. hjólaferð eða lautarferð, að vetri leikjadagur í íþróttahúsi eða sundlaugardagur, jafnvel heimsóknir í nágrennaskóla.

Fyrirlestrar utanaðkomandi, jafnvel kennara úr nágrennaskólum og annarra úr nærsamfélaginu og fá þannig fyrirlestra með lágmarks tilkostnaði sem um leið efla samfélagið.

Áhugi er fyrir því að koma upp skólagörðum/garði þar sem allir gætu fengið tækifæri til ræktunar og er vilji til þess meðal foreldra að koma því í framkvæmd strax í vor.

Foreldrafélagið vill beina því til skólans að kynna sér t.d. það verkefni sem Tálknafjarðarskóli er að vinna en þeir eru í alþjóðlegu samstarfi um þessar mundir og kynna það síðan fyrir foreldrum.

Ályktun skólaráðs

Skólaráð fundaði þann 27. apríl 2011 og ályktaði þar um að nauðsynlegt sé að viðhalda góðum samskiptum og góðri samvinnu á milli heimila og skóla. Ennfremur ítrekar skólaráðið að kjarninn að velgengni og góðri menntun barna sé fólgin í því að þessir aðilar vinni náið saman og myndi heild í að sinna sínum hlutverkum af kostgæfni og gæta þess að hagsmunir barna séu alltaf hafðir í fyrirrúmi.

Samtök heimila og skóla

Við kynntum okkur starfsemi samtakanna Heimili og skóla með því að skoða heimasíðu þeirra og sjá hvaða greinar hafa verið skrifaðar í þeirra nafni o.s.frv.

Þjónusta Heimilis og skóla felst einkum í eftirfarandi:

- að veita foreldrum/félagsmönnum stuðning og liðveislu til að þeir geti axlað uppeldishlutverk sitt
- að miðla upplýsingum til foreldra svo þeir séu betur í stakk búnir til að taka þátt í mótun skólasamfélagsins
- að efla starf foreldrafélaga svo þau verði sem virkust og foreldrar finni þar vettvang til samstarfs við skólann og til þátttöku í foreldrastarfi á landsvísu
- að efla starf foreldraráða svo þau geti veitt skólum og skólayfirvöldum virkt og uppbyggjandi aðhald
- að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við yfirvöld þegar teknar eru ákvarðanir sem varða skóla- og uppeldismál
- að standa, ein eða í samvinnu við fleiri aðila, að verkefnum og vinnu sem stuðlar að bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og unglinga og bættum hag fjölskyldna
- að aðstoða við stofnun foreldrafélaga við framhaldsskóla landsins

Starfsmenn Heimilis og skóla veita ráðgjöf í síma 516 0100 kl. 9-12 virka daga. Fyrirspurnir er einnig hægt að senda til skrifstofunnar með tölvupósti.

Mjög góð grein birtist á bb.is þann 16.03.2010 eftir *Helgu Margréti Guðmundsdóttur, verkefnastjóra hjá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra. Helstu atriði greinarinnar eru tekin saman hér á eftir.*

Góð samskipti og líðan barna

Samstarf heimila og skóla er samstarf um uppeldi og menntun og snýst um velferð og öryggi barna. Samstarf þessara aðila hefur sennilega aldrei verið jafn mikilvægt og nú. Börn þurfa að hafa aðgang að fullorðnu fólki sem þau geta treyst bæði í skólanum og frístundum. Þau þurfa líka að hafa vissu fyrir því að ef þau treysta fullorðnu fólki fyrir vanlíðan sinni sé brugðist við því og farið með það á varfærinn hátt. Það er mikilvægt að þeir fullorðnu aðilar sem vinna með börnum vinni trúnað þeirra og virðingu. Ef barni líður illa ættu allir sem að því standa að vita um þær leiðir sem færar eru til að koma til móts við barnið og foreldra þess. Heimili og skóli landssamtök foreldra gáfu nýlega út fræðslurit með góðum ráðum til foreldra um einelti. Hægt er að skoða bæklinginn á heimasíðu samtakanna - heimiliogskoli.is ásamt öðrum nytsamlegum upplýsingum sem þar eru. Virkir foreldrar eru mikilvæg forvörn og gera skólann betri sem hefur áhrif á líðan barna við hvern skóla. Áhrifa góðs foreldrasamstarfs gætir ekki einungis hjá þeim börnum sem eiga virka foreldra heldur hjá öllum börnum í skólanum, hefur áhrif á skólabrag og þar með bæjarbrag hvers sveitarfélags. Sagt er að sá mannauður sem býr í foreldrunum sé vannýtt auðlind í skólastarfi. Í því felst hvatning til skólastjórnenda að líta enn frekar til foreldrasamfélagsins og mikilvægt að frumkvæðið að auknu samstarfi komi frá þeim. Í nýjum menntalögum er hvatt til aukinna tengsla við nærsamfélagið með skólaráðum sem nú starfa við hvern grunnskóla. Í skólaráðum hafa foreldrar aðkomu að stjórnun skólans og geta lagt sitt af mörkum á þeim vettvangi til að bæta skólabrag og líðan barna í skólum. Stjórnir foreldrafélaga og bekkjarfulltrúar eru bakland fulltrúa foreldra í skólaráðum og koma til þeirra ábendingum um það sem betur má fara. Við þurfum öll að láta málið til okkar taka með góðum samskiptum og samvinnu.

Aðrar heimildir

Í þessum hluta er að finna það sem okkur finnst vera góðar hugmyndir og góðar leiðir til að efla okkur enn frekar í vinnu okkar í þróunarverkefninu.

Húsaskóli

Mjög góð útlistun er á heimasíðu Húsaskóla hvernig þau hafa unnið með bætt samskipti heimila og skóla. Hér fyrir neðan er smá úrdráttur af heimasíðunni:

Talaðu við kennarann en ekki um hann !

„Við leggjum mikla áherslu á að foreldrar tali jákvætt um skólann og kennarana. Ef ykkur mislíkar eitthvað, vantar upplýsingar eða eruð óánægð þá talið við kennarann eða skólastjórnendur. Börn líta upp til foreldra sinna og tileinka sér viðhorf þeirra til mála án þess að skilja alltaf hvað um er að vera. Neikvæð umræða um skólann heima gerir barninu erfitt fyrir að umgangast starfsfólk skólans.“

Jákvæður skóli - jákvæðir foreldrar – jákvæð börn.

Þetta sameiginlega verkefni heimila og skóla kallar á nán tengsl, gagnkvæmt traust, gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu.

Foreldrar þurfa að sýna áhuga á því sem er að gerast í skólanum og mæta á foreldrafundi, kynningarfundum eða námskeiðum sem skólinn býður upp á. Þeir þurfa einnig að fylgjast með orðsendingum sem barnið ber heim og lesa fréttabréf frá skóla.

Að bæta samskipti milli foreldra / nemenda og starfsfólks skólans með því að:

- Uppfæra heimasíðu skólans vikulega.
- Gefa út fréttabréf einu sinni í mánuði.
- Umsjónarkennari hafi samband við foreldra að lágmarki einu sinni á tveggja mánaða fresti í gegnum póstlista Mentors eða símleiðis.
- Allir kennarar noti Mentor á markvissari hátt en hingað til.
- Halda kynningafundi í upphafi skólaárs á því starfi sem framundan er.
- Foreldrar kjósi sér fulltrúa úr sínum hópi og einn til vara á öllum þremur stigum skólans.
- Umsjónarkennarar skipuleggi ásamt fulltrúum foreldra eina samveru á vetri, þar sem nemendur sýna vinnu sína úr skólastarfinu og eigi skemmtilega samveru í skólanum með fjölskyldum sínum.
- Eina viku á hverju skólaári eru foreldrar sérstaklega boðnir í heimsókn í skólann til þess að fylgjast með skólastarfinu, svokölluð foreldravika.
- Samskiptaleiðir innan skólans verði gerðar skýrar og birtar í skólanámskrá skólans.

Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann

Við lásum bókina *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann* eftir Nönnu Kristínu Christiansen. Teljum við þetta vera mjög góða bók og eiginlega skyldueign fyrir alla skóla. Þar koma fram merkilegar staðreyndir og mjög góðar hugmyndir og ætlum við hér á eftir að segja frá því sem okkur finnst vera markverðast.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að það sem hefur mest áhrif á námsárangur, líðan og hegðun barna í skólanum er hvernig foreldrar gegna hlutverki sínu heima fyrir. Þannig að stuðningur foreldra við börn sín hefur miklu meiri áhrif á árangur nemenda en félagsleg staða þeirra og menntun. Þau atriði sem vega þyngst eru samræðan á heimilinu, væntingar foreldranna, stuðningurinn við barnið og hvernig foreldrar takast á við hindranir og leysa ágreining. Því ætti það að vera ríkur þáttur í starfi kennara að stuðla að aukinni hlutdeild foreldra með því að gefa þeim markvisst tækifæri til að taka þátt í lífi og starfi barna sinna. Áhrif skólans, ekki síst kennara, á hagsmuni nemenda bæði hvað varðar nám, félags- og tilfinningaþroska og almenna velferð eru mjög mikil enda eru börn lengur í skólum en áður.

Breytingar hafa orðið á þjóðfélaginu og foreldrar vinna mikið. Þetta hefur leitt til þess að sumir líta á að þeir séu í hlutverki viðskiptavina gagnvart skólanum. Sú skoðun er í andstöðu við velferð nemenda, en til að tryggja hana verða hinir fullorðnu að vinna saman að hagsmunum nemenda þar sem báðir aðilar hafa ábyrgð og réttindi. Einnig hafa orðið miklar breytingar á skólastarfi og með því að foreldrar haldi í gamlar hugmyndir um skólann er hætt við að það hindri nýjungar og tilraunir í skólastarfinu og þar með þróun sem er nauðsynleg til að tryggja framtíð nemenda.

Foreldrar eiga að bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna og á þeim hvílir sú skylda að börnin sækji skóla og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn annast og framast er unnt. Skólanum ber hins vegar að bjóða fram menntunartækifæri og aðstoða foreldrana í uppeldishlutverkinu.

Að mati fræðimanna hefur líklega aldrei verið jafnmikilvægt fyrir börn að skólaforeldrar og skóli starfi saman, eigi samræðu og taki sameiginlegar ákvarðanir um velferð hvers einstaks barns. Í því samstarfi þarf ekki síst að tryggja að skólaforeldrar og skóli leggi sama skilning í hlutverk og ábyrgð hvor annars. Að þessir aðilar samræmi væntingar sínar til barnsins. Það mun stuðla að nauðsynlegu öryggi barnsins í samfélagi þar sem örar breytingar eiga sér stað.

Heimanám hefur oft verið talið mjög mikilvægt til að tengja heimili og skóla og hér áður fyrr þegar skólinn var 2-4 klukkustundir á dag og mæður oft að vinna heima við var nægur tími til heimanáms. Nú á tímum eru foreldrar oft að vinna langa vinnudaga og nemendur lengur í skólanum en áður var. Lestrarnám heima skiptir miklu máli og er talið að það hafi úrslita áhrif á framgang barna í lestri, en niðurstöður 18 virtra rannsókna sem voru gerðar í Kanada greindu frá því að annað heimanám hefði almennt takmörkuð áhrif á námsárangur nemenda. Hægt er að nota aðrar aðferðir en heimanám til að tengja heimili og skóla og eru nokkrar af þeim hugmyndum hér fyrir neðan.

Hugmyndabanki

Komið hefur í ljós að foreldrar almennt eru ánægðari með skóla þar sem innbyrðis samstarf foreldranna er gott. Hugmyndin um bekkjarforeldra er mjög góð til að stuðla að því. Bekkjafulltrúar geta komið með hugmyndir um eitthvað sem börn og foreldrar viðkomandi bekkjar geta gert saman utan skólatíma. Þannig kynnast foreldrarnir betur og nemendur líka.

Kvöldvökur eins og t.d. vísindakvöld eða lestrarkvöld. Þá geta nemendur t.d. komið í náttfötum. Það yrðu kannski 4 stofur í gangi ein með ævintýrum, ein með þjóðsögum, ein sem er verið að kynna einhvern vissan höfund og kannski Skúli Skelfir eða önnur sögupersóna í 4 stofunni. Svo velja nemendur eitthvað sem þau hafa áhuga á, koma sér fyrir í stofunum og kennarar eða foreldrar sjá um að lesa og kynna efni.

Heimaverkefni fjölskyldunnar snýst um að foreldrar og nemendur vinna saman heima að kynningu um efni sem þau hafa valið sér. Þau fá um tvær vikur til að vinna verkefnið og kynna það svo fyrir öðrum foreldrum og nemendum. Þar sem þetta hefur verið reynt hefur verkefnið fengið góðar undirtektir og tala foreldrar jafnvel um að þetta hafi verið besti tíminn sem þau hafa varið með börnum sínum.

Stikkorð er orð tengt því sem nemendur hafa verið að læra þann daginn. Stikkorðið er skrifað á límmiða og límt á einhvern stað þar sem hann helst þar til nemandinn kemur heim. Foreldri fær miðann og spyr nemandann um stikkorðið (sem er kannski lýsingarorð) varstu að læra um lýsingarorð? Hvað eru lýsingarorð o.s.frv. Þannig getur nemandinn rifjað upp hvað hann lærði og foreldrarnir fengið upplýsingar um námið.

Gullkorn er hugmynd sem byggist á því að kennari skrifi eina jákvæða athugasemd um hvern nemanda í hverri viku eða sjaldnar ef vill. Kennarinn skrifar gullkornin í minnisbók og þannig er hægt að varast að skrifa ekki alltaf sömu gullkornin um hvern nemanda. Tilgangurinn er að skapa samræðugrundvöll milli foreldra og nemenda annars vegar og foreldra og kennara hins vegar og gefa kost á sameiginlegri upplifun og byggja upp traust foreldra á kennaranum.

Haustfundir

Í fyrrgreindri bók telur höfundur mikilvægt að nýta haustfundi vel og er kjörið tækifæri að taka fyrir eftirtalin atriði:

- Samstarfsáætlun skólaforeldra og skólans, þ.á.m. verkefni sem stuðla að aukinni hlutdeild foreldranna
- Ábyrgð skólaforeldra og eftirfylgd með skólastarfi barna þeirra
- Kennsluaðferðir og vinnubrögð sem kennarinn hyggst byggja starfið á t.d. teymisvinna, samvinnunám, þemavinna, hugsmíðahyggja, lausnaleytnám, söguaðferðin og bein kennsla.
- Reglur og væntingar um framkomu og samskipti nemenda
- Viðurlög við brot á reglum
- Bekkjarstjórnun og hvernig kennarinn framfylgir reglum
- Námsmarkmið og námsmat.
- Hvernig kennarinn veitir skólaforeldrum upplýsingar um samskipti, vinnu og námsárangur nemendanna
- Fyrirkomulag og umfang heimanáms
- Hvernig skólinn stuðlar að markmiðum um skóla án aðgreiningar og hvað það felur í sér
- Hugsanleg þróunarverkefni
- Félagslíf nemenda

Lokaorð

Hér hefur verið greint frá þróunarverkefninu *Samskipti heimila og skóla*. Fram komu ýmsar upplýsingar hvers vegna er nauðsynlegt að hafa gott samstarf á milli þessara tveggja aðila sem koma að uppeldi og menntun barna og hugmyndir til að virkja samstarfið. Einnig komum við inn á hugmyndir sem okkur langar að vinna frekar með næsta vetur. Þau verkefni sem taka á fyrir næsta vetur er að hafa sameiginlegt verkefni hjá foreldrum og börnum um heimabyggð auk þess að vinna með gullkorn og stikkorð. Kennarar eru allir á því að halda áfram á sömu braut og mun því verkefnið halda áfram að þróast þegar fram líða stundir. Þar sem verkefnið er komið stutt á veg er ótímabært að leggja nokkuð mat á vinnuna sem búin er.

Í Grunnskóla Öfundarfjarðar starfa reyndir grunnskólakennarar. Kennarar sem búa yfir mikilli og verðmætri reynslu og ekki hvað síst vilja til þess að efla fagþekkingu sína.

Heimildir

Nanna Kristín Christiansen. 2010. *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann*. Nanna Kristín Christiansen, Reykjavík.

Heimildir af netinu

Húsaskóli. 24. mars 2011. „Samskipti heimila og skóla“, Slóðin er:
http://husaskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&id=673:samskipti-heimila-og-skola&catid=93:starfsaetlun&Itemid=100071